

## REGLUGERÐ

### um (18.) breytingu á reglugerð nr. 630/2014, um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á III. viðauka reglugerðarinnar:

a. Við viðaukann bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

46.	<p>Kadmíum og blý í prófilum úr plasti sem innihalda blöndur sem eru framleiddar úr pólývínýlklóríðúrgangi (hér á eftir nefnt „endurheimt stíft pólývínýlklóríð“), sem eru notaðir í rafknúna og rafeindastýrða glugga og dyr, þar sem styrkurinn í endurheimta stífa pólývínýlklóríðefnivíðnum fer ekki yfir 0,1% af kadmíumi miðað við þyngd og 1,5% af blýi miðað við þyngd.</p> <p>Frá 28. maí 2026 skal eingöngu nota stíft pólývínýlklóríð sem er endurheimt úr rafknúnum og rafeindastýrðum gluggum og dyrum til framleiðslu á nýjum hlutum í þeim flokkum sem eru tilgreindir í a- til d-lið 18. liðar í 63. færslu í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.</p> <p>Birgjar hluta úr pólývínýlklóríði sem innihalda endurheimt stíft pólývínýlklóríð með blýi í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd pólývínýlklóríðefnivíðarins skulu tryggja, áður en þessir hlutir eru settir á markað, að þeir séu sýnilega, læsilega og óafmáanlega merktir með yfirlýsingunni: „Inniheldur <math>\geq</math> 0,1% blý“. Ef ekki er unnt að setja merkingu á hlutinn vegna þess hvers eðlis hann er skal hún sett á umbúðir hlutarins.</p> <p>Birgjar hluta úr pólývínýlklóríði sem innihalda endurheimt stíft pólývínýlklóríð skulu leggja fyrir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, sé þess óskað, skjalfesta sönnun fullyrðinga um að pólývínýlklóríðið í þessum hlutum komi úr endurheimt. Nota má vottorð sem eru gefin út af kerfum til að sýna fram á rekjanleika og endurunnið innihald, s.s. þau sem eru þróuð samkvæmt ÍST EN 15343:2007 eða sambærilegum viðurkenndum stöðlum, til að færa sönnur á slíkar fullyrðingar varðandi hluti úr pólývínýlklóríði sem eru framleiddir í Evrópusambandinu. Fullyrðingum um að pólývínýlklóríð í innfluttum hlutum komi úr endurheimt skal fylgja vottorð, sem óháður þriðji aðili gefur út, sem veitir jafngilda sönnun um rekjanleika og endurunnið innihald</p>	Gildir um 11. flokk og fellur úr gildi 28. maí 2028
-----	---	---

b. Í stað 39.a liðar kemur nýr liður svohljóðandi:

39.a	Kadmíumseleníð í niðurskiptanlegum hálfleiðara-nanókristalskammtadeplum, sem innihalda kadmíum, til notkunar í skjálýsingarkerfi ( $< 0,2 \mu\text{g}$ kadmíums á hvern $\text{mm}^2$ af skjásvæði)	Fellur úr gildi fyrir alla flokka 21. nóvember 2025
------	---	---

c. Við viðaukann bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

47.	Kadmíum í niðurskiptanlegum hálfleiðarananókrystal-skammtadeplum sem eru settir beint á ljósdíóðu-hálfleiðaraflögur til notkunar í skjá- og skjávarpakerfum (< 5 µg kadmíums á hvern mm <sup>2</sup> af ljósdíóðuflöguyfirborði) með hámarks magn á hvert tæki sem nemur 1 mg	Fellur úr gildi fyrir alla flokka 31. desember 2027
-----	---	---

2. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á eftirtöldum gerðum:

1. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/232 frá 25. október 2023 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB að því er varðar undanþágu fyrir kadmíum og blý í prófílum úr plasti í rafknúnum og rafeindastýrðum gluggum og dyrum sem innihalda endurheimt stíft pólývínýlklóríð, sem vísað er til í undirlið við lið 12q í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2024, 15. mars 2024. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34 frá 25. apríl 2024, bls. 680-683.
2. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1416 frá 13. mars 2024 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB að því er varðar undanþágu fyrir kadmíum í niðurskiptanlegum skammtadeplum sem eru settir beint á ljósdíóðu-hálfleiðaraflögur, sem vísað er til í undirlið við lið 12q í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2024, 23. september 2024. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 83 frá 14. nóvember 2024, bls. 744-747.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 9. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga, nr. 61/2013, tekur þegar gildi.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 27. nóvember 2024.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Stefán Guðmundsson.*